

## Fundargerð aðalfundar Reykjavíkurseildar Búmanna haldinn 11.maí 2017 í Guðríðarkirkju.

1. Formaður deildarinnar, Haraldur Finnsson, setti fundinn kl. 17.00, bauð gesti velkomna og stakk upp á Þyri Baldursdóttur sem fundarstjóra og Unni Halldórsdóttur sem fundarritara. Var það samþykkt. 38 félagsmenn sátu fundinn
2. Þyri Baldursdóttir tók við stjórn fundarins og staðfesti að til hans löglega boðað.
- 3 Haraldur formaður flutti skýrslu stjórnar. Þar kom m.a. þetta fram: Eftir mikil umbrot í starfi Búmanna hsf undanfarin 2 til 3 ár með greiðslustöðvun og hættu á gjaldþroti hefur verulega rofað til og rekstur félagsins breyst til batnaðar. Ný aðalstjórn hefur unnið þrekvirki,náð samkomulagi við kröfuhafa og samningum við íbúðalánasjóð. Nýir starfsmenn voru ráðnir á skrifstofu og hefur gengið vel þrátt fyrir áföll vegna veikinda. Vissulega hafa breytingar í þjóðfélaginu hjálpað til en vinna stjórnarinnar var afgerandi við endurreisnina og staðan væri tvímælalaust verri ef við hefðum farið i gjaldþrot og lent í klóm leigufélaganna sem nú kaupa upp fasteignir hér á höfuðborgarsvæðinu. Aukaaðalfundur var haldinn 13.des. 2016 og þar voru afgreiddar nýjar samþykktir fyrir félagið. Þær voru unnar af laganefnd og lögmanni félagsins og síðan stjórn og samræmdar nýjum lögum um húsnæðissamvinnufélög. Ákveðið var að breyta ekki að sinni ákvæðum um innra skipulag félagsins, þ.a.s. deildaskiptingu og fulltrúaræði á aðalfundi. Þar hafa verið nokkuð skiptar skoðanir, einkum milli höfuðborgarsvæðisins og búseturéttarhafa á landsbyggðinni. Haraldur fór fyrir laganefndinni og hefur lagt fram drög að skipan sem ekki hefur verið afgreidd í nefndinni né stjórn. Virkni deildarinnar hefur verið eins og frá upphafi lítil. Felst fyrst og fremst í að halda aðalfund til að velja fulltrúa á aðalfund Búmanna og fá kynningu á stöðu félagsins.
- 4 Áskell Jónsson, varaformaður Búmanna, greindi frá helstu verkefnum stjórnar og framtíðarsýn. Hagur félagsins hefur vænkast umtalsvert og mun fyrr en bjartsýnustu menn þorðu að vona. Nýr

framkvæmdastjóri kom til starfa sl haust en því miður veiktist hann alvarlega svo aðrir starfsmenn skrifstofunnar hafa annast reksturinn frá áramótum. Gunnar Kristinsson hefur einnig verið starfandi formaður að hluta.

56 eignir voru settar í leigufélag í fyrra og hafa 12 þeirra komið aftur inn sem búseturéttir en 43 íbúðir eru í leigu. Lokið er samningum við þá 12 búseturréttarhafa sem höfðu sagt upp íbúðunum áður en greiðslustöðvunin tók gildi. 7 hús eru seld í Hveragerði og líklegt að hin 12 seljist líka, þar af eru 6 búseturréttarhafar sem gætu keypt sín hús.

Nú er unnið að því að styrkja viðhaldssjóðinn og varasjóð, sem eru forsendur fyrir því að losna úr gjörgæslu Íbúðalánasjóðs.

Samþykktum félagsins var breytt að hluta í desember og fyrirhugað er hefja stefnumótun til næstu 5 ára. Heimasíðan hefur verið uppfærð og sett er efni inn á hana smátt og smátt.

Viðhaldsáætlun verður kynnt á aðalfundi 15 júní, þar eru engin stór verkefni í gangi en töluverðum fjárhæðum verður þó varið í viðhald. Viðhaldssjóðurinn er samtryggingarsjóður, en ekki eyrnamerkur sérstökum húsfélögum

5. Kosning stjórnar. Haraldur Finnsson, frá Grænlandsleið, Unnur Halldórsdóttir frá Prestastíg og, Þyrí Baldursdóttir, Hólmvaði gáfu kost á sér áfram til stjórnarsetu og Bjarni Egilsson frá Prestastíg verður varamaður.
6. Kosning fulltrúa á aðalfund Búanna í vor. Skv. upplýsingum. framkvæmdastjóra á Reykjavíkurbéildin 10 fulltrúa, sem er fækkun frá fyrri árum, enda hefur félagsmönnum fækkað nokkuð. Búsetufélögin höfðu sent inn tilnefningar og voru þessir fulltrúar kjörnir til að fara með atkvæði deildarinnar á aðalfundi.

#### Prestastígur:

##### Aðalmenn:

Unnur Halldórsdóttir,	Prestastíg 11
Bjarni Egilsson,	Prestastíg 4
Björn Jóhannesson	Prestastíg 8
Friðrik Hafberg	Prestastíg 9

##### Varamenn:

Ari Karlsson	Prestastíg 4
Júlfana Pálsdóttir	Prestastíg 6
Þórdís Arthursdóttir	Prestastíg 6
Sigurjón Ari Sigurjónsson	Prestastíg 11

Ferjuvað:

**Aðalmaður:**

Júlíana Hilmisdóttir Ferjuvaði 7

**Varamaður:**

Sædís Jónsdóttir Ferjuvaði 7

Grænlandsleið:

**Aðalmenn:**

Haraldur Finnsson, Grænlandsleið 39

Sigríður Guðmundsdóttir Grænlandsleið 32

Ívar Gissurason . Grænlandsleið 47

**Varamenn:**

Ingimundur Andrésson, Grænlandsleið 22

Sigurður Eggertsson Grænlandsleið 32

S.Hafdís Ólafsdóttir Grænlandsleið 36

Hólmvað:

**Aðalmenn:**

Holgeir Hansen Hólmvaði 8

Wenche Antonsen Hólmvaði 8

**Varamaður**

Þyrí Marta Baldursdóttir Hólmvaði 8

Gunnvör Rósa Hallgrímsdóttir Hólmvaði 8

7. Önnur mál:

Haraldur formaður ræddi hugmyndir um framtíðarskipulag Búanna, ma, hvort deildir verði áfram starfræktar. Sumir telja heppilegt að skipta félaginu frekar í tvær deildir, búseturéttarhafa og almenna félagsmenn. Einnig ræddi hann mikilvægi þess að Búsetufélögin hafi vel skilgreint hlutverk og verkaskipting sé skýr milli Búanna hsf og húsfélaganna, sem eiga að annast rekstur og taka ábyrgð á honum. hann benti á fækkun fulltrúa eða s.k. kjörmanna sem fara með atkvæði á aðalfundi Búanna og lagði til að þeim yrði fjölgað um helming. Nokkrar umræður urðu um þessi mál og virðast flestir fylgjandi meira lýðræði, að allir félagsmenn hafi kosningarétt á aðalfundi. Fram kom að meðan félagið er í gjörgæslu Íbúðalánasjóðs verður ekki farið í neinar stórar breytingar á félagsskipan en mikilvægt að huga að því í stefnumótun til framtíðar.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið um kl.17.45

Fundgerð ritaði Unnur Halldórsdóttir